

laugsson Blöndal læknir (sjá „Læknar á Íslandi“, bls. 87) og k. h. Sigríður Carstensdóttir Möller).

6a. Sigríður Sóphusdóttir Blöndal, f. á Siglufirði 22. des. 1917. *Tvígift*. Gift í Gautaborg (Svíþjóð) 17. maí 1939 *Allan Erlandsson* síldar-kaupmanni, f. í Svíþjóð. *Skildu*.

7a. Bryndís Gunilla, f. í Gautaborg 1. júlí 1941.

7b. Gunnar Olaf Sophus, f. í Gautaborg 5. okt. 1944.

Sigrún Agnes Maria, f. í Gautaborg 6. marz 1946.

Sigríður giftist 1951 seinni manni sínum, *Karl Joel Broberg* lækni í Gautaborg.

7d. Ulla Kristina, f. í Gautaborg 10. maí 1951.

7e. Annika Kersten, f. í Gautaborg 1953, d. 1956.

7f. Ingela Margareta, f. í Gautaborg 5. sept. 1957.

6b. Sveinbjörg Helga Sophusdóttir Blöndal, f. á Siglufirði 8. des. 1919. Gift á Sigluf. 1. júlí 1941 *Birgi* Magnússyni *Kjaran* hagfr. og alþm., f. í Rvk. 13. júní 1916. Landspekktur maður, bæði vegna afskipta sinna af lands- og bæjarmálefnum og einnig vegna ritverka og útgáfustarfsemi. Varð forstjóri fyrir heildverzlun Magnúsar Kjaran við fráfall föður síns. (For.: Magnús Tómasson Kjaran stórkaupm. og k. h. Soffía Franzdóttir (sýslum.) Siemsen).

7a. Ólöf Birgisdóttir Kjaran, f. í Rvk. 30. marz 1942. Gift í Rvk. 15. des. 1962 *Hilmari Riis Knudsen* verkfræðingi, f. í Kaupm.höfn 5. okt. 1941. (For.: Elimar

- Knudsen (danskur) og k. h. Unnur Malmqvist (íslenzk).
- 8a. Helga Sveinbjörg Hilmarsdóttir Knudsen, f. í Rvk. 20. júní 1963.
- 8b. Unnur Hilmarsdóttir Knudsen, f. í Rvk. 5. ág. 1966.
- 7b. Soffía Birgisdóttir Kjaran skrifstofust., f. í Rvk. 23. júní 1945.
- 7c. Helga Birgisdóttir Kjaran, f. í Rvk. 20. maí 1947. Gift í Rvk. 19. ág. 1967 Ármanni Sveinssyni stud. jur., f. í Rvk. 14. apríl 1946. (For.: Sveinn Sveinsson múraram. frá Siglufirði og k. h. Margrét L. Eggertsdóttir).
- 4e. *Jórunn* Ragnheiður Guðmundsdóttir, f. í Rvk. 29. febr. 1856, d. í Rvk. 29. febr. 1916. Vann við verzlun lengst ævinnar. Ógift, barnl.
- 2d. Kristín Þóroddsdóttir, f. að Ingunnarstöðum 4. febr. 1793, d. 18. maí 1794.

1h. **Guðmundur Jónsson,**

f. að Fremra-Hálsi 1751, d. eftir 1783, en það ár var hann vinnumaður að Práandarstöðum, hjá mági sínum og systur. Eftir það er ekkert um Guðmund vitað.

Endir.